

Til viðmiðunar við námsmat og próftöku í FÁ

1. Uppsetning texta skiptir mjög miklu máli fyrir alla nemendur en þó sérstaklega leshamlaða. Æskilegt er að nota arial letur og að minnsta kosti 1 og ½ línubil. Mikilvægt er að láta lofta vel um textann. Venjuleg leturstærð er 12 punktar en nemendur geta sótt um 14 og 16 punkta leturstærð. Betra er að **dekkja** stafi en strika undir.
2. Það er lesblindum sérstaklega erfitt ef þeir eiga að lesa texta á blaði og svara spurningum úr textanum aftan á sama blaði. Það er hægt að leysa þetta með því að láta lesblinda hafa tvö spurningablöð þannig að þeir geti séð textann og spurningarnar um leið. Einnig þarf að hafa í huga að það er sumum nemendum mjög erfitt þegar sækja þarf orð inn í orðakassa og færa á réttan stað í setningu.
3. Æskilegt er að krassblað fylgi með prófblaði til að próftaki geti prófað sig áfram með stafsetningu orða o.fl.
4. Krossapróf: Það er mjög ruglingslegt þegar valmöguleikar eru í beinni röð og eingöngu svigi og komma greinir orðin að:
() ddddddd, () mmmmm, () kkkkkkk . Nemendur ruglast á því hvort sviginn eigi við orðið á undan eða eftir, sjá ekki kommuna. Það er því betra að raða valmöguleikum í lóðrétt röð og númer fyrir framan eða bókstaf t.d.
A. () ddddddd
B. () mmmmm
C. () kkkkkkk
5. Lesblindir eiga í miklum erfiðleikum með að koma hugsun sinni eða þekkingu í ritað form. Vegna prófkvíða og hræðslu við að stafsetja rangt eiga þeir enn erfiðara með það í prófum. Þeir hafa þess vegna tilhneigingu

til að skrifa svör í skeytastíl til að koma þekkingu til skila og þá forðast þeir um leið orð sem þeim finnst flókið að stafsetja. Hætta er á að sá sem fer yfir prófið meti ómeðvitað svör með hliðsjón af orðalagi og málstíl en ekki eingöngu þekkingu í viðkomandi fagi, sem er þó tilgangur prófsins. Þeim lesblinda er þannig mögulega refsað fyrir einfalda málnotkun og málstíl sem leiðir til þess að þrátt fyrir mjög góða faglega þekkingu fá þeir sjaldnast hæstu einkunn.

6. Nemendur með dyslexíugreiningu og/eða aðra staðfesta skynjunarörðugleika geta sótt um að fá próf lesið inn á snældur/geisladisk, lituð prófblöð, stærra letur eða taka próf á tölvur. Ef nemandi skrifar mjög ólæsilega er nauðsynlegt að hann taki próf á tölvu. Nemendur sækja um þessi frávik á þar til gerðum eyðublöðum á skrifstofu. Umsjónarmaður lesblindumála sér um að þetta sé auglýst 3 vikum fyrir annarlok. Nemandi ætti að fá að nota leiðréttingarforrit þegar ekki er verið að prófa sérstaklega í stafsetningu í móðurmáli eða tungumálum.
7. Alvarleg lesblinda birtist oft í erfiðleikum við að tjá sig í rituðu máli. Þá er góð lausn að nota ritara í prófum. Sá lesblindi les þá yfir spurningarnar eða hlustar á þær lesnar (af einhverjum eða af snældu), íhugar þar næst svarið og segir ritara það. Ritari skráir síðan svör viðkomandi á blað. Þetta er einfalt form sem hefur gefist vel en það að þurfa að segja öðrum svarið skapar ákveðna streitu svo ekki er víst að allir lesblindir vilji hafa þetta form á. Við höfum ekki auglýst þennan möguleika en viljum gjarnan fá ábendingar um nemendur. Einnig þarf að íhuga hvort nemandi ætti frekar að fara í munnlegt próf. **Ákvarðanir um ritara og munnleg próf skal taka í samráði við kennara, nemanda og umsjónarmann lesblindumála.**
8. Nemandi sem hefur staðið sig vel á önn, skilað verkefnum og fengið ágæta vetrareinkunn fellur stundum á lokaprófi, nær ekki 4.5 lágmarki.

Nemandinn er þar með fallinn í áfanganum, þrátt fyrir að hafa sýnt fram á ágæta þekkingu á önn. Það ber að skoða vel slíkan nemanda og athuga hvort villur á prófum skýrist af öðru en þekkingarleysi.

9. Í námsmati á önn ber að taka tillit til þess að lesblindir nemendur eiga rétt á lengri próftíma. Þar sem kennari hefur aðeins 60 mínútur til prófatöku í kennslustund ber honum að taka tillit til slíkra nemenda og umreikna einkunn þannig að þeim sé ekki refsað fyrir að ná ekki að ljúka prófinu eða tímaverkefninu.

Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti

Menntamálaráðuneytið, 2011

3. kafli: Mat og eftirlit

3.1 Námsmat. Undir fyrirsögninni **Fjölbreyttar matsaðferðir** er eftirfarandi tilmæli og fyrirmæli til skóla.

Námsmat þarf að taka tillit til þarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Skólum ber að gera það sem unnt er til þess að koma til móts við þarfir hlutaðeigandi í þessu efni. Þessir nemendur skulu eiga kost á frávikum frá almennu námsmati, t.d. lengri próftíma, sérhönnuð próf, notkun hjálpargagna, aðstoð og munnlegt námsmat (bls.20).

14. kafli: Réttindi og skyldur

14.5 Nemendur með sérþarfir

Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er (bls 53).

Eins og fram kemur er í Aðalnámskrá gert ráð fyrir frávikum frá hefðbundnu námsmati. Mikilvægt hlýtur að vera að nemandi fái tækifæri til að sýna hvað í honum býr, að kennari komi til móts við þarfir hans um leið og gerðar eru kröfur til hans.

